

126
26. okt.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Raufarhafnar.

I. RAFORKA

A. Lýsing.

Um kwst.mæli á kr. 2.25 hver kwst.

B. Önnur raforkunotkun.

Um kwst.mæli á kr. 1.00 hver kwst.

II. HEIMTAUGARGJALD

Fyrir hverja húsveitu, sem tengd er við rafveitukerfi Raufarhafnar, skal greiða heimtaugargjald, miðað við rúmtak húss, samkvæmt eftirfarandi gjaldstiga:

Rúmmál húss í ten.metrum:

Heimtaugargjald:

Frá	0 allt að	100	kr.	500.00
—	100	—	150	—	575.00
—	150	—	200	—	650.00
—	200	—	250	—	725.00
—	250	—	300	—	800.00
—	300	—	350	—	900.00
—	350	—	400	—	1000.00
—	400	—	450	—	1100.00
—	450	—	500	—	1200.00
—	500	—	550	—	1300.00
—	550	—	600	—	1400.00
—	600	—	650	—	1500.00
—	650	—	700	—	1600.00
—	700	—	750	—	1700.00
—	750	—	800	—	1800.00
—	800	—	850	—	1900.00
—	850	—	900	—	2000.00
—	900	—	1000	—	2200.00
—	1000	—	1100	—	2400.00
—	1100	—	1200	—	2600.00
—	1200	—	1500	—	3000.00
—	1500	—	1750	—	3500.00
—	1750	—	2000	—	4000.00
—	2000	—	2250	—	4500.00
—	2250	og yfir	—	5000.00

Gjald þetta er miðað við loftlínu að gildleika 3×70 m² eða grennri og allt að 60 metra að lengd. Fyrir jarðstreng skal greiða heimtaugargjald, sem er 20% herra, enda sé jarðstrengur ekki gildari en 3×50 m² eða lengri en 25 metrar.

Húseigandi greiðir auk þess allan kostnað af því, ef heimtaug er gildari eða lengri en að framan greinir. Sé fleiri en ein heimtaug að húsinu, greiði húseigandi eftir reikningi allan kostnað, er af því leiðir. Ef sérstök heimtaug er lögð í peningshús eða bifreiðarskúr á byggingarlóð íbúðarhússins, telst hún aukaheimtaug í húsið.

Verði síðan lögð jarðlína í stað loftlínu, greiðir húseigandi það, sem á vantar til þess að hann hafi greitt fullt jarðlínuheimtaugargjald. Heimtaugargjald fellur í gjalddaga eftir að lokið er lagningu heimtaugar. 126
26. okt.

III. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduropnun, kr. 20.00.

2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi enduropnuð fyrr en notandi hefur greitt kr. 20.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

IV. HEIMILD TIL BREYTINGA

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í þessari gjaldskrá, um allt að 30%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 26. október 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

HEILBRIGÐISSAMÞYKKT

fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

127
27. okt.

I. KAFLI

A. Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykktin gildir fyrir lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita undanþágu frá einstökum ákvæðum samþykktarinnar með leyfi heilbrigðisnefndar, ef óhjákvæmilegt þykir vegna aðstæðna eða staðháttá.

3. gr.

Heilbrigðisnefnd skipa 3 menn. Lögreglustjóri og héraðslæknir eru sjálfkjörnir í nefndina, og er lögreglustjóri formaður hennar. Þriðja nefndarmann kýs bæjarstjórn úr sínum hópi.

4. gr.

Formaður kveður heilbrigðisnefnd til funda svo oft, sem þurfa þykir, og að jafnaði ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði. Honum er skylt að kveðja nefndina á fund, ef héraðslæknir eða heilbrigðisfulltrúi æskja þess.